

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Sólmundarhöfða.

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 8. maí 2007, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á Innnesvegi í Sólmundarhöfðareit.

Breytingin felst í því að mörkuð er lóð þar sem byggð verður dælustöð.

Dælustöðin verður neðanjarðar, ekkert af henni verður sýnilegt á yfirborði nema nauðsynlegar lúgur og hlerar til viðhalds og aðkomu. Lóðin verður aðlöguð umhverfi, kvöð er um að göngustígar liggi um lóðina.

Lagður verður aðkomuvegur frá Innnesvegi að dælustöð.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 30. maí 2007.

Þorvaldur Vestmann,
sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfud.: 31. maí 2007